

Fundarnúmer:	87
Dagsetning:	03.06.2008
Tími:	13:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Miðvikudaginn 3. júní 2008 kl. 13:00 kom Landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 87. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Drög að verklagsreglum um handsömun og vörslu graðpenings.
2. Viðhald styrkvega.
3. Erindi frá byggðarráði.

Afgreiðslur:

1. Til fundar með landbúnaðarráði eru mættir fulltrúar Hrossaræktunarsamtaka V-Hún. Farið var yfir drög að verklagsreglum eftirlitsmanns með lausagöngu búfjár varðandi lausagöngu graðhesta. Að fengnum ábendingum frá fulltrúum hrossaræktarsamtakanna samþykkir landbúnaðarráð fyrirbyggjandi verklagsreglur.

2. Viðhald styrkvega. Fram kom hjá sveitarstjóra að fjárveiting Vegagerðarinnar (með fyrirvara um samþykki ráðherra) er 5,0 millj. kr. í ár. Mikil umræða fór fram um ástand styrkvega og þá miklu framkvæmdaþörf sem fyrir liggur. Eftirfarandi tillaga um skiptingu styrkvegafjárins var samþykkt samhljóða:

- a) Til afréttarvega á Víðidalstunguheiði kr. 2.150.000-
- b) Til afréttarvega í Miðfirði kr. 1.650.000-
- c) Til afréttarvega í Hrútafirði kr. 600.000-
- d) Til vegar yfir Brandagilsháls kr. 300.000-
- e) Til vegar uppá Vatnsnesfjall kr. 300.000-

Viðkomandi fjallskilastjórnir sjái um framkvæmdir á afréttarvegum hver á sínu svæði. Minnt skal á að við framkvæmdir verði ekki farið fram úr fjárveitingum. Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra að ræða við fulltrúa Vegagerðarinnar um heflun vegar uppá Vatnsnesfjall, neðan Fjalagils. Sveitarstjóra falið að ráða aðila til að sjá um framkvæmdir á Brandagilshálsi og á Vatnsnesfjalli.

3. Erindi frá byggðarráði kynnt. Byggðarráð óskar umsagnar landbúnaðarráðs vegna erindis Þorvaldar Böðvarssonar þar sem óskað er umsagnar um beiðni um stofnun lögbýlis, á hans útskipta hluta af jörðinni Grund í Vesturhópi. Landbúnaðarráð álitur að skilyrði fyrir skógrækt á hinu fyrirhugaða lögbýli séu með ágætum og því standi ekkert í vegi þess að stofnað verði sérstakt lögbýli um hans útskipta hluta af jörðinni Grund, reitir 3 og 4.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:10

Agnar Jónsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.), Örn Óli Andrésson(sign.),
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.), Þorsteinn B. Helgason(sign.).